

Mosfellsbær skipulagsfulltrúi
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Kópavogur, 16. mars 2022
Tilvísun: K-17468

Efni: Skipulagslýsing – aðal- og deiliskipulagsbreyting – Miðsvæði Sunnukrika 401-M

Inngangur

Skipulagslýsingin kynnir breytingu sem að felur í sér að uppfæra töflu í aðalskipulagi sem tilgreinir fjölda skráðra eigna og íbúða. Tillagan miðar að því að halda áfram uppbyggingu miðsvæðis Mosfellsbæjar með það að markmiði að bjóða fjölbreytta búsetukosti í nálægð við þjónustu. Skilgreina á einnig frekar uppbyggingu íbúða í bland við atvinnuhúsnæði. Lýsingin fjallar því um fyrirhugaða aðal- og deiliskipulagsbreytingu. Breytingarnar sjálfar verða kynntar sérstaklega síðar.

Umsögn HEF

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða þéttingu. Heilbrigðisnefnd vill þó benda á að með meiri nálægð byggðar á miðsvæði 401-M við Vesturlandsveg og með fjölgun íbúða og mögulega hærri byggingum er líklegt að meira reyni á nálægð við Vesturlandsveg og þarf því að huga vel að hljóðvist og loftmengun frá Vesturlandsvegi. Þá er mikilvægt að samhliða uppbyggingu svæðisins verði kynntar mótvægisáðgerðir ef niðurstaða hljóðvistar er ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða nr. 724/2008.

Að gefnu tilefni vekur heilbrigðisnefnd líka athygli á að þar sem skipulag gerir ráð fyrir blandaðri byggð íbúða, verslunar og þjónustu er mikilvægt að hugað sé að því að gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af mengun, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar t.d. hljóðvist innan bygginga. Einnig verði hugað að aðgreiningu sameigna íbúða frá atvinnutengdum rýmum. Jafnframt er ástæða til að gera ítarlegar kröfur á framkvæmdatíma um hljóðvarnir og að framkvæmdaraðilum verði gert að kynna fyrir íbúum nærliggjandi svæða tímalengd framkvæmda í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis



Árni Davíðsson